

**Mættir:** Kristín Kristjánsdóttir, Magnea Kristleifsdóttir, Kristján Pétursson, Pálmar Þorsteinsson, Harpa Sigríður Magnúsdóttir, Ástrós Vera Hafsteinsdóttir, Melkorka Sól Pétursdóttir, Edda Arinbjarnardóttir, Sólrún Halla Bjarnadóttir og Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir.

Gróa Erla fjarverandi vegna Reykjaferðar með nemendum.

Fundarmenn boðnir velkomnir til fundar, einn gestur Þorbjörg Guðjónsdóttir fékk að sitja fundinn til að fylgjast með aðkomu nemenda í skólaráði en það er hluti af meistaraverkefni viðkomandi einstaklings.

### **Fyrsta mál - Fjárhagsáætlun 2015 og útkoma fjárhags GBF 2014**

Ingibjörg gerði grein fyrir þeim fjármunum sem áætlaðir eru til reksturs GBF árið 2015.

Rekstrarfé skólans verður 461.930.020. Stærstu hlutar rekstrarfjár fara til þátta eins og launa og launatengdra gjalda eða 306.092.810. Skólaakstur nemur 64.646.535, innri leiga 57.648.780, reiknuð afnot 5.196.966, vörukaup 15.439.510 og þjónustukaup 18.773.574. Áætlaður rekstur mötuneyta er 26.994.352 og skólasels 3.551.317.

Áætlun ársins 2014 eftir viðauka nam 397.772.490. Rekstrarniðurstaða skólans fyrir árið 2014 er umtalsvert yfir kostnaðaráætlun að þessu sinni.

Sú tala sem er yfir í rekstri má rekja til langtímaveikinda starfsmanna, nær eingöngu, ásamt mismuni í skólaakstri og innri leigu. Þáttur eins og veikindi eru engan veginn fyrir séð. Sveitarfélagið ber ákveðna skyldu gagnvart veikindalaunum samkvæmt kjarasamningum og réttindum starfsmanna.

Breyting var á skólaakstursleiðum ásamt því að skipt var um rekstraraðila ákveðina leiða sem varð þess valdandi að áætluð tala er hærri en gert var ráð fyrir.

Jákvæð niðurstaða er fyrir mötuneytin í heild og einnig fyrir skólasel.

### **Annað mál - Breyting á starfsmannahaldi í GBF**

Gerð var grein fyrir breytingum sem hafa orðið á starfsmannahaldi skólans frá því í haust.

Kolbrá Höskuldsdóttir kom til starfa fyrst sem stuðningsfulltrúi í sex vikur og síðan sem kennari, þar sem skipta þurfti upp samkennslubekk.

Sigríður Sjöfn Helgadóttir ráðin frá áramótum sem skólaliði. Sú breyting er vegna þess að Lilja Alexandersdóttir fór í barneignarleyfi.

Sæunn Elfa breytir starfshlutfalli og fer í stöðu Lilju og Sigríður Sjöfn kemur í stað Sæunnar Elfu. Hugsanleg breyting framundan á stuðningsfulltrúastöðum, vegna breyttra aðstæðna í skólanum.

### **Þriðja mál - skólastarfið**

Ingibjörg gerði grein fyrir nýafstöðnum foreldraviðtölum sem gengu vel að mati allra umsjónarkennara. Heilmikið er framundan í skólastarfinu eins og venjulega, nemendur í 7. bekk eru í skólabúðum á Reykjum í Hrutafirði og farið er að huga að skíðaferð unglíngadeilda í Bláfjöll, einnig er verið að huga að samstarfsdegi milli deilda.

Allir stærðfræðikennarar á unglíngastigi ásamt stuðningsfulltrúum og 7. bekkja kennurum eru að fara á endurmenntunarnámskeið í stærðfræði sem kemur í hérað frá H.Í. og ber heitið „Jákvæð viðmið í stærðfræðikennslu“.

Allir fulltrúar skólaráðs voru spurðir um þeirra tilfinningu fyrir skólastarfinu og voru menn á eitt sáttir með að vel gengi.

### **Fjórdá mál - skóladagatal 2015 - 2016**

Fræðslustjóri mun kalla stjórnendur til við fyrsta tækifæri og fara yfir skóladagatal næsta skólaárs, samræma skipulagsdaga, upphafs- og lokadaga, vetrarfrí og fleira sem til þarf. Þegar það hefur verið gert mun skóladagatalið vera borið upp til kynningar í GBF og í skólaráði.

### **Önnur mál**

Mikið var rætt um hversu litlu fjármagni væri veitt til búnaðarkaupa í nýrri fjárhagsáætlun og í framhaldi af því varð mikið til umræðu slakur tölvubúnaður innan skólans og hvað væri hægt að gera til að skólinn yrði ekki eftirbátur annarra skóla í upplýsingatækni. Nemendafulltrúarnir lýstu miklum áhyggjum er þetta mál varðar. Ákveðið var að fundarmenn ályktuðu um tölvumálin og myndu senda hana til fræðslufirvalda í Borgarbyggð fyrir næsta fræðslunefndarfund.

### **Ályktunin hljóðar svo:**

Fundur í skólaráði GBF haldinn að Hvanneyri 20. janúar 2015 samþykkti eftirfarandi ályktun.

Fulltrúar í skólaráði hvetja til þess að yfirvöld í Borgarbyggð skoði þann möguleika, að gerður verði leigusamningur við fyrirtæki sem selja eða leigja tölvubúnað til skóla og stofnanna um aðkomu þess að bæta tölvubúnað í Grunnskóla Borgarfjarðar í samráði við stjórnendur skólans.

Brýn þörf er á endurbótum í öllum deildum skólans til að hægt sé að halda uppi góðri upplýsingatæknikennslu og að fylgja þeirri þróun sem á sér stað í öllum kennsluháttum sem byggja á upplýsingaleit og vinnu hinna ýmsu verkefna í skólastarfinu.

Í fjárhagsáætlun fyrir skólaárið 2015 er augljóst að sú fjárhæð sem áætluð er í búnaðarkaup nægir engan veginn til að endurnýja eða viðhalda búnaði eins og nauðsynlegt er. Skólaráð hvetur til þess að það verði gerð könnun á því sem allra fyrst hvað kostar að leigja búnað og hvaða þjónustustig skólinn fengi með því að velja þá leið.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið.